



Proskapjálfafélag
Íslands

**Aðalfundur
Proskapjálfafélags Íslands
Borgartúni 6, 105 Reykjavík
2. apríl 2012**

Dagskrá

Þessi eru skyldustörf aðalfundar:

- a) Kosnir starfsmenn fundarins
- b) Formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- c) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess
- d) Lagabreytingar
- e) Kosning í stjórn, nefndir og ráð
- f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- h) Önnur mál

Stjórn ÞÍ

Stjórn ÞÍ skipuðu: Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður, Sigríður Rut Hilmarsdóttir varaformaður, Þórunn Guðrún Einarsdóttir ritari, Valborg Helgadóttir gjaldkeri og meðstjórnendurnir Bryndís Guðmundsdóttir, Hrefna Höskuldsdóttir og Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir.

Laufey Elísabet Gissurardóttir og Sigríður Rut Hilmarsdóttir sitja í miðstjórn BHM og Salóme Anna Þórisdóttir hefur verið varamaður ÞÍ í miðstjórn.

Tengiliðir við nefndir og ráð:

Sigríður Rut Hilmarsdóttir er tengiliður við Trúnaðarmannaráð.

Bryndís Guðmundsdóttir er tengiliður við Fagráð.

Þórunn Guðrún Einarsdóttir er fulltrúi félagsins í Þroskahjálp.

Valborg Helgadóttir er tengiliður við Laganefnd og situr í stjórn Vísinda- og Kjaradeilusjóðs. Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir er fulltrúi í ritstjórn Netlu.

Laufey Elísabet Gissurardóttir er tengiliður við Siðanefnd, Kjörnefnd, Útgáfuráð og fulltrúi í stjórn NFFS.

Salóme Anna Þórisdóttir er fulltrúi ÞÍ stjórn AIEJI og NFFS.

Guðlaug Valgeirsdóttir er formaður Starfsleyfisnefndar.

Starfshlutfall á skrifstofu skiptist þannig: Formaður er í fullu starfi og framkvæmdastjóri er í 60% starfi. Frá 1.febrúar var framkvæmdastjóri í 20% starfi og frá 1. maí 2011 í 60% starfi. Fulltrúi sem var í 35% starfi hætti hjá félaginu um áramótin 2010 og 2011. Varaformaður og gjaldkeri voru í 10% starfi til 30. júní 2011 en þá var starfshlutfall varaformanns og gjaldkera lagt niður. Þessar breytingar höfðu í för með sér aukningu starfshlutfalls hjá félaginu upp á 5%. Hlutverk stjórnar hélst að öðru leyti óbreytt.

Bókahald ársins 2011 var fært af framkvæmdarstjóra og endurskoðun var keypt af BJ Endurskoðunarskrifstofu ehf. Vinna við heimasíðu er í höndum framkvæmdastjóra og er ekki lengur keypt af Magnúsi Helga Björgvinnssyni.

Stéttarfélagar eru 591 talsins, fagaðilar 11 auk þess sem nokkrir nemar í þroskaþjálfrafræðum skráðu sig sem aukafélaga.

Hefðbundin stjórnarstörf

Stjórn fundaði reglulega á árinu eða í alls 15 skipti. Auk þess hélt stjórn tvo vinnufundi um gerð handbókar fyrir félagið og starfsáætlun félagsins. Umfjöllunarefni stjórnar voru hefðbundin kjara-, fag- og rekstrarmál félagsins.

Stærstu verkefni þessa árs voru vegna kjarasamninga á árinu 2011 og flutnings málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga

Sameiginlegur fundur með ráðum og nefndum var haldinn 6. júní þar sem markmið fyrir starfsárið voru sett og skipting verka átti sér stað.

Skipulagðir trúnaðarmannafundir voru alls þrír á starfsárinu. Trúnaðarmannaráð skipaði sex samningarnefndir fyrir kjarasamningana, en þær voru við Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, Ríkið, Skálatúnsheimilið, Ás styrktarfélag og samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu (SFH).

Í júní 2011 var haldið boð fyrir útskriftanema og þeir boðnir velkomnir í félagið.

Félagið tók þátt í kynningarátaki BHM á Framadögum Háskólanna í febrúar 2012 og opnu húsi fyrir háskólanema í mars 2012.

Stjórn félagsins hefur lagt áherslu á að funda með þroskaþjálfum og trúnaðarmönnum um land allt. Vegna nýrra kjarasamninga og yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga, hefur verið nauðsynlegt að kynna vel fyrir félagsmönnum nýja kjarasamninga til að tryggja að þeir séu meðvitaðir um réttindi sín og skoða hvernig til hefur tekist með yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Fundirnir voru eftirfarandi með trúnaðarmönnum og félagsmönnum

Grunnskólar Reykjavíkur 15. ágúst 2011

Mosfellsbær 9. nóvember 2011

Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, 11. nóvember 2011

Ási styrktarfélagi 12. janúar 2012

Selfoss 23. febrúar 2012

Sauðárkrókur 7. mars 2012

Akureyri 8. mars 2012

Suðurnes 21. mars 2012

Einnig er búið að ákveða fundi með Velferðarsviði Reykjavíkurborgar þann 12. apríl 2012

Kópavogi 11. apríl 2012

Akranesi í apríl 2012

Fræðslufundur var haldinn 2. nóvember í Borgartúni 6. Efni fundarins var notendastýrð persónuleg aðstoð.

Fyrirlesarar voru Vilborg Jóhannsdóttir, lektor í þroskaþjálfafafræðum, Auður Finnbogadóttir þroskaþjálfari og Gísli Björnsson, háskólanemi og NPA notandi.

Þroskaþjálfafélag Íslands hélt málþing 26. – 27. janúar 2012. Yfirskrift þess var **Er barnalýðræði á Íslandi?** Félagið hélt málþingið í samstafi við ADHD samtökin, Barnaverndarstofu, Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Menntasvið HÍ, Innanríkisráðuneytið, SAMFÉS, Sjónarhól, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Umboðsmann barna og UNESCO. Fagráð segir nánar frá því í sinni skýrslu.

Þroskaþjálfafélagið tók þátt í alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars 2012 fyrir friði og jafnrétti. Dagskrá var í Iðnó. Meðal þeirra sem komu fram voru Claudia Ashonie, Védís Guðjónsdóttir, Steinunn Þóra Árnadóttir, Soumia Islami, Guðrún Jónsdóttir, Guðrún Hannesdóttir og Sigríður Rut Hilmarsdóttir, varaformaður ÞÍ.

Árið 2015 verður Þroskaþjálfafélag Íslands 50 ára, stjórn félagsins hefur skipað afmælisnefnd til að halda utan um skipulagningu afmælisársins. Nefndina skipa Bjargey Una Hinriksdóttir, Friðrik Sigurðsson, Guðrún Lilja Númadóttir, Halldóra Jóhannesdóttir Sanko, Hrönn Kristjánsdóttir, Kristjana Sigurðardóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir fyrir hönd stjórnar situr formaður félagsins í nefndinni. Nú þegar hefur afmælisnefndin fundað tvisvar sinnum.

Í mars á síðasta ári samþykkti stjórn að fela Guðnýju Stefánsdóttur, Ragnhildi Sigurðardóttur og Þóroddi Þórarinssyni í undirbúningsnefnd að skoða möguleika á að gefa út sögu félagsins í tilefni á 50 ára afmælis þess 2015. Nú rúmu ári seinna hefur stjórn ákveðið að setja 2 milljónir króna í fjárhagsáætlun félagsins fyrir 2012 til að hefja þá vinnu. Kostnaður við bókina mun dreifast á þrjú ár.

Ráðstefnan Velferðarkerfið á óvissutímum var haldin 11.-13. ágúst 2011

Þroskaþjálfafélagið ásamt Félagsráðgjafafélagi Íslands, ÍS-Forsa (Samtök um rannsóknir í félagsráðgjöf), Námsbraut í þroskaþjálfarafræðum við HÍ og Félagsráðgjafadeild félagsvísindasviðs HÍ hélt ráðstefnu í ágúst 2011 sem bar heitið: „Welfare and professionalism in turbulent times – where are we now and where are we heading“ eða „Velferðarkerfi á óvissutímum. Hvert stefnum við – ábyrgð fagstétta?“

Öll þessi félög eru aðildarfélög að norrænum samtökum og fram að þessu hafa samtökin haldið sjálfstæðar ráðstefnur fyrir sína félagsmenn, oftast annað hvert ár. Ráðstefnan í ágúst var því sú fyrsta sinnar tegundar þar sem leitast er við að tengja saman rannsóknir, menntun og starfsaðferðir innan mismunandi fag- og fræðigreina.

Velferðarráðherra opnaði ráðstefnuna. Aðalfyrirlesarar voru Sigrún Júlíusdóttir, erindi hennar fjallaði um sérfræðipækkingu og vald. Björn Hvinden, sem fjallaði um norræna velferðarkerfið og hvort að norrænt jafnrétti geti staðist í alþjóðavæðingunni, Jan Tössebro fjallaði um fötlun og norræna velferð og reynsluna frá norðurlöndunum af dreifstýrðri þjónustu við fatlaða, Jorma Sipilä fjallaði um kalda vinda sem blása yfir norræna velferðarlíkaninu og að lokum Rannveig Traustadóttir um fötlun og vegvísa til framtíðar í ljósi sögunnar.

Boðið var upp á forráðstefnu (pre-conference) og vettvangsheimsóknir 11. ágúst. Á forráðstefnunni var fjallað um viðbrögð Íslendinga við kreppunni, Lára Björnsdóttir fjallaði um Velferðarvaktina, Salvör Nordal um rannsóknarnefnd Alþingis og stjórnlagabing og Kolbeinn Stefánsson um áhrif hrunsins á velferð á Íslandi í tölulegu samhengi. Í vettvangsheimsóknunum var m.a. hægt að kynna sér barnaverndarmál og viðbrögð við kynferðisofbeldi gegn börnum, starfsemi þjónustumiðstöðva og frístundaþjónustu við börn í Reykjavík og forvarnir, endurhæfingu og valdeflingu á sviði geðverndar.

Ráðstefnan höfðaði til breiðs hóps, fræðimanna og þeirra sem starfa á vettvangi. Með ráðstefnunni var hægt að leiða saman þessa aðila sem er mikilvægt á tímum mikillar óvissu, þar sem efnahagshrun hefur leitt til endurskoðunar á öllum sviðum og ekki síst á sviði velferðar. Sjónum var beint að velferðarstefnunni á Norðurlöndum og í Evrópu, svo sem áherslunni á aukna virkni og þátttöku allra íbúa samfélagsins (social inclusion), fátækt og félagslegri útskúfun, notendastýrðri persónulegri aðstoð, samþættri velferðarþjónustu o.fl. Góð þátttakanda var á ráðstefnuna eða um 440 manns

Málstofur voru 30 með með fjölpættu efnisvali og þemum eins og *Fagmennska, Fræði og fag, Notendasamráð/Valdefling, Hæfing/Virkni, Kreppan, Öldrun, Innflytjendur / Flóttamenn/*

Fatlaðir, Samfélagsvinna, Velferð og ólíkir hópar, Fjölskyldan, Stjórnun/stefnur, Menntun, Barnavernd, Ofbeldi og Husk.

Nánari upplýsingar og glærur má finna um ráðstefnuna á: www.yourhost.is/welfare2011

Erlent samstarf

Þroskaþjálfafélag Íslands á aðild að Nordisk Forum for socialpedagoger (NFFS) samtök norræna þroskaþjálfara. Í þessu samstarfi eru félög frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi. Á síðasta ári lét ÞÍ af formennsku sem við höfðum haft til tveggja ára til Danmerkur.

Helstu verkefni NFFS á síðastliðnu ári var að undirbúa og halda ráðstefnu sem sagt er frá hér hér að ofan.

Einnig hefur verið unnið að verkefninu Barnasáttmálinn og þroskaþjálfun eða socialpædagogikken. Í því verkefni er lögð áhersla á að við sem fagmenn vinnum eftir barnasáttmálanum og að hann verði hluti af okkar daglegu vinnu. Áherslan er á vinnu með börn sem hefur verið komið fyrir á öðrum heimilum eða stofnunum og börn með félagslega erfiðleika og erfiðar heimilisaðstæður.

Í verkefninu er m.a. lögð áhersla á:

- Að réttindi barna eins og þau koma fram í barnasáttmálanum eigi að endurspeglast í lögum og stjórnsýslu þjóðfélaga.
- Að réttur barna sem tekin eru úr umsjón foreldra sé lagalega tryggður.
- Að öll norðurlöndin hafi Umboðsmann barna, til að vinna að bættum hag þeirra og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi.

Verkefninu lauk nú í janúar og hægt er að finna lokaútgáfu á heimasíðu félagsins www.throska.is undir *erlent samstarf*. Í dag er verkefnið á dönsku og verið er að þýða það yfir á ensku á vegum NFFS. Þroskaþjálfafélag Íslands er að leita leiða við kostnað vegna þýðingar á verkefninu á íslensku þannig að það nýtist félagsmönnum sem best í starfi.

Sameiginlegur fundur Nordiske sosionomforbunds samarbeidskomitee (NSSK) norræna samtaka félagsráðgjafa og Nordisk forum for sosialpedagoger (NFFS) norræna samtaka þroskaþjálfara var haldinn var á Íslandi 14. ágúst 2011. Fundurinn ákvað að senda sameignlega fréttatilkynningu um atburðina sem áttu sér stað 22. júlí þar sem Noregur varð fyrir hryllilegri árás. Sjötíu og sjö einstaklingar voru drepnir og margir særðir í árásum á stjórnarráðshverfið í Osló og sumarbúðir ungmennasamtaka Verkamannaflokksins (AUF) á Útey. Fréttatilkynningin var sem hér segir: „*Það er með mikilli sorg í hjarta sem NSSK og NFFS sendir samúðarkveðjur til særðra og þeirra sem lifðu af, fjölskyldna þeirra og til norsku þjóðarinnar. Árásin var ekki bara árás á einstaklinga heldur árás á öll norðurlöndin og þau lífsgildi sem þau standa fyrir. Lýðræði, umhyggja, hreinskilni og fjölbreytni. Lífsgildi sem einnig eru grunnild, norræna félagsráðgjafa og þroskaþjálfara. Mikilvægt er að norðurlöndin standi vörð um þessi gildi.*“

Niðurstaða fundarins var annars að stéttirnar hitta ólíka einstaklinga á hverjum degi, þar sem hver og einn leggur til fjölbreytnina í samfélaginu.

Fjölbreytni býr til innihaldsríkara líf og betra samfélag. Uppruni, fötlun fólks eða annað skiptir ekki máli. Norðurlöndin sem hópur vill tryggja stöðu hvers og eins í samfélaginu. Í stað þess að skipa okkur upp í „við og hinir“ erum við öll eitt „við“. Eitt samfélag fyrir alla.

Atburðirnir í Noregi eiga að verða til þess að við tökum öll ábyrgð. Ábyrgð á því að byggja upp samfélag fyrir alla. Norrænir félagsráðgjafar og þroskaþjálfar eiga að standa í fremstu röð í baráttunni fyrir fjölbreytilegs mannlífs á Norðurlöndum.

Félagið á fulltrúa AIEJI (International Association of Social Educators). Stjórn samtakanna hittist að jafnaði tvisvar á ári og eru fundir haldnir á mismunandi stöðum til að styðja við starfsemi aðildarfélags í viðkomandi landi. Næsta alþjóðlega ráðstefna samtakanna verður árið 2013 í Lúxemborg. Til að fræðast frekar um þessi samtök er félagsmönnum bent á heimasíðu samtakanna www.aieji.net.

Nefndir og ráð hafa starfað með reglubundnum hætti á árinu. Með starfi í nefndum og ráðum gefa félagar mikilvægan skerf til starfsemi félagsins. Þar er grasrótin og án hennar er ekkert félag. Þí hefur átt miklu láni að fagna með breiðri þátttöku félagsmanna í starfsemi félagsins. Þessum aðilum er seint fullþakkað. Sjá skýrslur frá ráðum og nefndum félagsins aftar í skýrslunni.

Kjaramálin

Kjarasamningar voru lausir frá árinu 2009 og höfðu engar kjarabætur komið til þroskaþjálfara frá 2008. Í október 2010 var skrifað undir viðræðuáætlun við Reykjavíkurborg, Fjármálaráðneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga (SNS). Skrifað var undir 7 kjara- og stofnanasamninga á árinu 2011, Reykjavíkurborg, Ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Ás styrktarfélag, Skálatúnsheimilið, Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu (SFH) og að lokum Samtök atvinnulífsins. Allir voru þeir með gildistíma til 31. mars 2014 nema samningurinn við Skálatúnsheimilið sem gildi fram að áramótum. Gengið var frá nýjum samningi við Skálatúnsheimilið á nýju ári sem gildi frá 1. janúar 2012 – 31. mars 2014.

Auk þess hefur verið unnið í samstarfi við aðildarfélögin innan BHM í bókun 1 í ríkiskjarasamningi. Skipt hefur verið upp í starfshópa til að gera kerfisgreiningu. Samningsaðilar áttu að taka álit starfshópsins sameiginlega til umfjöllunar og leggja fram framkvæmdaáætlun og tillögu um fyrstu aðgerðir í síðasta lagi 15. maí 2012. Ljóst er að það mun ekki nást þar sem ríkið hefur ekki fundað og unnið eins og fyrirhugað var, og borið fyrir sig að enn væri annríki vegna kjarasamningsgerða. Haldin var sameiginleg kjararáðstefna í febrúar síðastliðnum. Hér er hægt að kynna sér efni þessarar ráðstefnu.

<http://www.bhm.is/frettir/nr/2174>

Fundað hefur verið reglulega í samstarfsnefndum Reykjavíkurborgar og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, bæði varðandi þau mál sem skotið hefur verið til nefndarinnar og eins vegna bókana varðandi þroskaþjálfara í grunnskólum og svo launaþróun forstöðumanna.

Minum á að alla kjarasamningar má finna á heimasíðu félagsins og mikilvægi þess að kunna að lesa sinn kjarasamning.

Ýmis mál

Faghópar félagsins eru orðnir fimm talsins þ.e. grunnskólahópur, leikskólahópur, dagþjónustuhópur, búsetuþjónustuhópur og hópur þroskaþjálfra sem starfa í félagsþjónustu. Mikilvægt er að efla faghópa félagsins og fagvitund félagsmanna. Faghópar hafa haldið starfsdaga, fræðslu, námskeið og fundað til að ræða stöðu mála. Þessir hópar starfa alfarið sjálfstætt og hafa skipað sér eigin *stjórnir* til að halda utan um og skipuleggja starfið. Starf af þessum toga er nauðsynlegt til eflingar fagstéttarinnar.

Þau störf sem fóru á velferðarsvið Reykjavíkurborgar við tilfærslu á málefnum fatlaðra í janúar 2011 hafa verið að fara í gegnum starfsmat frá því í nóvember 2011 og er enn í vinnslu. Starfsmatið er greiningartæki sem notað er til þess að leggja með kerfisbundnum hætti mat á innihald starfa og kröfur til starfs. Fulltrúi félagsins situr viðtölin.

Stofnaður hefur verið Fag- og fræðslusjóður ÞÍ í samræmi við samþykkt aðalfundar 2009. Reglur sjóðsins er að finna á heimasíðu félagsins undir tenglinum Vísindasjóður. Hlutverk sjóðsins verður að veita styrki vegna framhaldsnáms og ekki síður vegna þróunarverkefna. Sjóðurinn er fjármagnaður af félagsgjöldum. Hvetjum við félagsmenn að kynna sér þennan möguleika.

Vísindasjóður ÞÍ er í dag fyrir þroskaþjálfra sem starfa annars staðar en hjá Ríkinu og vinnuveitandi greiðir fyrir í sjóðinn. Umsóknir þeirra sem rétt hafa um styrk úr sjóðnum skulu berast félaginu fyrir miðnætti 31. júlí. Úthlutað verður eigi síðar en 1. október. Upplýsingar og umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu félagsins www.throska.is

Í Starfsleyfisnefnd eru Guðlaug Valgeirsdóttir, Hildur Eggertsdóttir og Ingunn Rán Kristinsdóttir. Verkefni nefndarinnar er umfjöllun starfsleyfisumsókna. Umsækjendur koma víða að og hafa misjafnan menntunargrunn sem oft reynist erfitt að meta sem fullnægjandi forsendur fyrir starfsleyfisveitingu. Nefndin hafði fjögur mál til umfjöllunar á árinu.

Menntunarmál

Fram kom á starfsdögum 2010 að lengja þyrfti þroskaþjálfanamið í 5 ár með frekari valkostum í meistaranámi og þar með auknum rannsóknum og þróunarverkefnum á sviði greinarinnar.

Störf þroskaþjálfra eru flókin og umfangsmikil og krefjast mikillar fagþekkingar.

Félagmenn eru hvattir til að kynna sér og fylgjast vel með þróun menntunarmála sinna. Það er á ábyrgð hvers og eins að stunda endur- og símenntun, því þurfum við öll að fylgjast vel með og gera kröfur um að framboð náms sé í samræmi við þarfir okkar.

Félagið skrifaði nýverið undir samstarfssamning við Endurmenntun Háskóla Íslands um símenntun fyrir félagsmenn. Samningurinn felur í sér að Endurmenntun í samráði við félagið útbýr fræðslukönnun meðal félagsmanna og koma þannig betur til móts við þarfir þeirra í símenntun. Áætlað er að ÞÍ og Endurmenntun vinni saman að sértækum námskeiðum sem bjóðast félagsmönnum með afsláttarkjörum. Félagar í ÞÍ munu á hverju misseri einnig fá afslátt

af völdum námskeiðum í framboði Endurmenntunar. Það er jafnframt markmið beggja aðila að stuðla að jávæðri ímynd beggja, góðri kynningu og markaðssetningu á námskeiðum sem verða í boði.

Í ár útskrifast um 44 nemendur með BA í þroskaþjálfun frá HÍ. Stjórn PÍ óskar þeim öllum innilega til hamingju og hlakkar til farsæls samstarfs í framtíðinni.

Nú stöndum við á tímamótum þar sem þroskaþjálfar starfa á breiðum vettvangi. Á síðasta ári varð sá vettvangur dreifðari og nú skiptir enn meira máli en áður að við séum sýnileg sem fagstétt með skýr markmið og að hugmyndafræði þroskaþjálfara sé eftirsóknarverð og almenningi kunn. Við þurfum að kynna störf okkar vera sýnileg með blaðaskrifum og rannsóknnum. Efla þarf fagvitund og frumkvæði þroskaþjálfara. Þroskaþjálfar eru fagmenn, lykilaðilar í þróun hugmyndafræði í málefnum fatlaðra. Þroskaþjálfar eiga að vera leiðandi afl gagnvart útfærslu á þjónustu við fatlað fólk og umfram allt sterk fagstétt með skýr markmið.

Á vef Velferðarráðuneytisins er að finna handbók um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Henni er ætlað að gagnast sveitarfélögum, notendum, ríkisstofnunum og öðrum þjónustuaðilum við framkvæmd þróunarverkefnis um NPA. Hún er gefin út af verkefnisstjórn um NPA sem fyrsta skref í átt að fullri innleiðingu NPA á Íslandi. Áætlað er að lögfesta NPA sem eina meginstöðina í þjónustu við fatlað fólk árið 2014, eins og segir í bráðabirgðaákvæði IV í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Mikilvægt að þroskaþjálfar kynni sér þetta verkefni og komi áleiðis ábendingum og fyrirspurnum sem hægt er að senda beint inn í gegnum vefinn. <http://www.velferdarraduneyti.is/npa/abendingar/>

Að lokum er öllum þeim sem tekið hafa þátt í starfi félagsins færðar kærar þakkir.

Reykjavík 25. mars 2012

Fyrir hönd stjórnar Þroskaþjálfafélags Íslands,

Laufey E. Gissurardóttir, formaður

Skýrsla gjaldkera starfsárið 2010 - 2011

Störf gjaldkera breyttust töluvert á síðasta ári við ráðningu framkvæmdastjóra. Árið 2011 hætti gjaldkeri að vera í launuðu starfi hjá félaginu. Framkvæmdastjóri tók við ýmsum störfum gjaldkera s.s. launaútreikningi, bókahaldi og fl. Gjaldkeri hefur átt reglulegt samráðs við formann, framkvæmdastjóra og stjórn um rekstur félagsins.

Gjaldkeri situr í stjórn Vísindasjóðs ÞÍ og greiðir út styrki sem samþykktir eru.

Rekstraráætlun á félagasjóði fyrir árið 2011 var upp á kr.: 29.345.729.- Félagssjóður skilaði rekstarhagnaði upp á kr: 4.450.073.- eftir fjármagnsliði.

Störf gjaldkera eru:

- Vinnur með framkvæmdastjóra við endurskoðun og ársuppgjör.
- Veitir ráðgjöf og aðhald varðandi rekstur félagsins.
- Kemur að gerð fjárhagsáætlunar.
- Gjaldkeri er einnig gjaldkeri verkfalls- og vísindasjóðs félagsins.

Valborg Helgadóttir
Gjaldkeri

Rekstrarreikningur ársins 2011, félagssjóður

	2011	2010
Rekstrartekjur:		
Stéttarfélagsgjöld.....	31.016.809	29.743.285
Hlutdeild í rekstri Húsfélags BHM sf.....	8.140	(55.095)
Aðrar tekjur.....	<u>120.000</u>	<u>110.000</u>
	<u>31.144.949</u>	<u>29.798.190</u>
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld.....	2 15.684.420	18.321.457
Húsnæðiskostnaður.....	3 1.611.094	1.172.432
Annar kostnaður.....	4 <u>9.606.775</u>	<u>12.595.177</u>
	<u>26.902.289</u>	<u>32.089.066</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagns- og fjármunaliði.....	<u>4.242.660</u>	<u>(2.290.876)</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Vaxtatekjur.....	382.259	812.111
Vextir og bankakostnaður.....	<u>(174.846)</u>	<u>(285.566)</u>
	<u>207.413</u>	<u>526.545</u>
Rekstrarhagnaður (tap) ársins.....	<u>4.450.073</u>	<u>(1.764.331)</u>

Efnahagsreikningur, 31. desember 2011, félagssjóður

	2011	2010
Eignir:		
Hlutir í öðrum félögum:		
Húsfélag BHM sf. 8,92%.....	<u>14.649.088</u>	<u>14.640.948</u>
Veltufjármunir:		
Útistandandi skuldir.....	4.547.605	2.381.776
Bankareikningar.....	<u>17.468.852</u>	<u>16.466.846</u>
	<u>22.016.457</u>	<u>18.848.622</u>
Eignir alls:	<u><u>36.665.545</u></u>	<u><u>33.489.570</u></u>
	2011	2010
Skuldir og eigið fé:		
Eigið fé:		
Óráðstafað eigið fé.....	<u>36.083.349</u>	<u>31.633.276</u>
Skammtímaskuldir:		
Viðskiptaskuldir.....	551.739	646.418
Ógreidd launatengd gjöld.....	<u>30.457</u>	<u>1.209.876</u>
	<u>582.196</u>	<u>1.856.294</u>
Skuldir og eigið fé alls:	<u><u>36.665.545</u></u>	<u><u>33.489.570</u></u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Reikningsskilaaðferðir.

Sömu reikningsskilaaðferðum er fylgt og árið áður.

	2011	2010
2. Laun og tengd gjöld.		
Launagreiðslur.....	12.592.333	15.780.356
Launatengd gjöld.....	3.092.087	4.263.006
Endurgreiddur launakostnaður frá FÍ.....		(1.721.905)
	<u>15.684.420</u>	<u>20.043.362</u>
3. Húsnæðiskostnaður.		
Húsnæði Borgartún 6.....	1.611.094	1.534.372
Endurgreitt frá FÍ.....		(361.940)
	<u>1.611.094</u>	<u>1.172.432</u>
3. Annar kostnaður		
Ferðakostnaður utanlands.....	601.486	518.561
Bílastyrkir.....	281.004	208.287
Námskeið.....	313.057	40.000
Veitingar og gestamóttaka.....	115.328	101.928
Fundir og ráðstefnur innanlands.....	322.040	379.551
Ráð og nefndir.....	1.441.553	1.477.661
Gjaldfærður búnaður.....	221.289	1.011.504
Póstur og sími.....	322.386	331.488
Ritföng, prentun, auglýsingar, tölvukostnaður.....	1.505.779	1.216.682
Sérfræðiaðstoð.....	983.700	665.849
Minnislyklar.....		1.893.755
Framlag í fræðslusjóð.....		1.000.000
Félagsgjöld BHM.....	3.402.075	3.198.856
Félagsgjöld önnur og styrkir.....	40.000	509.839
Annar kostnaður.....	57.078	41.216
	<u>9.606.775</u>	<u>12.595.177</u>
3. Eigið fé.		
Frá fyrra tímabili.....	31.633.276	33.397.607
Rekstrarhagnaður.....	4.450.073	(1.764.331)
	<u>36.083.349</u>	<u>31.633.276</u>

Vísindasjóður

Rekstur árið 2011.	2011	2010
Tekjur:		
Vísindasjóðsframlög.....	23.808.151	15.018.457
Fræðslusjóðsstyrkur frá ÞÍ.....		1.000.000
Vaxtatekjur.....	907.342	1.556.141
	<u>24.715.493</u>	<u>17.574.598</u>
Gjöld:		
Vísindastyrkir.....	17.550.215	16.793.590
Vísindastyrkir úr B hluta.....		383.500
Kostnaður vegna úthlutunar o.fl.....	94.936	52.687
Fjármagnstekjuskattur.....	181.457	280.091
	<u>17.826.608</u>	<u>17.509.868</u>
Rekstrarhagnaður ársins.....	<u>6.888.885</u>	<u>64.730</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011.

Eignir:		
Félagssjóður.....	283.750	283.750
Útistandandi vísindasjóðsgjöld.....	4.296.674	1.320.766
Bankareikningar.....	28.783.865	24.870.888
	<u>33.364.289</u>	<u>26.475.404</u>
Eigið fé:		
Frá fyrra ári.....	26.475.404	26.410.674
Rekstrarhagnaður ársins.....	6.888.885	64.730
	<u>33.364.289</u>	<u>26.475.404</u>

Vinnudeilusjóður

Rekstur árið 2011.	2011	2010
Tekjur:		
Vaxtatekjur.....	<u>620.435</u>	<u>1.034.988</u>
Gjöld:		
Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur.....	<u>124.083</u>	<u>186.290</u>
	<u>124.083</u>	<u>186.290</u>
Rekstrarhagnaður ársins.....	<u><u>496.352</u></u>	<u><u>848.698</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011.

Eignir:		
Bankareikningar.....	<u>21.121.804</u>	<u>20.625.452</u>
	<u><u>21.121.804</u></u>	<u><u>20.625.452</u></u>
Eigið fé:		
Frá fyrra ári.....	20.625.452	19.776.754
Rekstrarhagnaður ársins.....	<u>496.352</u>	<u>848.698</u>
	<u><u>21.121.804</u></u>	<u><u>20.625.452</u></u>

Skýrsla Trúnaðarmannaráðs 2011-2012.

Trúnaðarmannaráð skipa 28 fulltrúar ásamt stjórn.

Trúnaðarmannaráðsfundir á árinu voru 3 talsins þennan veturinn og var nokkuð góð mæting á þá. Trúnaðarmannakjör var sl. haust þar sem trúnaðarmenn voru kjörnir til tveggja ára á sínum svæðum/vinnustöðum. Einhverjar breytingar urðu á hópnum en þó voru flestir sem héldu áfram störfum í trúnaðarmannaráði. Jafnframt fundaði formaður ÞÍ með félagsmönnum á nokkrum svæðum landsins líkt og áður og einnig fór hann á nokkra vinnustaði á stór-Reykjavíkursvæðinu.

Haustið fór að nokkru í að ræða nýundirritaða kjarasamninga sem flestir voru gerðir á síðasta ári til 3ja ára. Líkt og sl. ár hefur meira borið á flóknum einstaklingsmálum úti á vettvangi heldur en áður tíðkaðist, bæði hafa það verið mál sem einstakir trúnaðarmenn hafa borið upp sem og mál sem borist hafa félaginu. Tíma hefur því verið eytt á hverjum fundi í að ræða mikilvægi þess að trúnaðarmenn séu duglegir að upplýsa félagsmenn á sínum svæðum hvert skuli leita ef slík mál koma upp sem og að halda vinnustaðafundi/fundi á svæðum og vera sýnilegir og virkir. Hvert svæði var kortlagt í vetur svo trúnaðarmenn væru meðvitaðir um sín svæði sem eru ansi yfirgripsmikil hjá sumum.

Kynningar voru fengnar í vetur frá m.a. formanni og lögfræðingi BHM því mikilvægt er að trúnaðarmenn séu ekki síður meðvitaðir um starfsmeni og hlutverk BHM heldur en hlutverk og starfsemi ÞÍ.

Alltaf er jafn brýnt að standa vaktina og gæta þess að kjarasamningar séu virtir í hvítvetna, trúnaðarmenn skipta þar oft sköpun enda þeirra hlutverk að vera meðvitaðir og gagnrýnir. Í lok fundar trúnaðarmannaráðs nú í febrúar var ákveðið að bjóða þroskaþjálfanemum heim í félag. Þá var formaður með kynningu á félaginu og trúnaðarmannaráðið tók virkan þátt í þessari kynningu sem þótti takast vel.

F.h. Trúnaðarmannaráðs

Sigríður Rut Hilmarsdóttir varaformaður ÞÍ

Skýrsla laganefndar 2011-2012

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands í laganefnd voru: Guðlaug Valgeirsdóttir, formaður Hulda Líney Magnúsdóttir, Arndís Halla Jóhannesdóttir, S. Katrín Eyjólfsdóttir og Sigríður Jónsdóttir

Starfsár laganefndar hefur verið með rólegra móti. Í haust boðaði stjórn ÞÍ nefndarmenn á almennan fund þar sem skipta átti niður hlutverkum og leggja línurnar fyrir komandi starfsár. Dræm mæting var á þennan fund og má áætla að ástæðan hafi verið að meirihluti nefndarmanna koma frá landsbyggðinni. Niðurstöður fundarins voru teknar saman og sendar í tölvupósti til allra nefndarmanna og þeir jafnframt hvattir til að kynna sér lög félagsins. Engir formlegir fundir voru haldnir eftir fyrsta fund haustsins og fóru samskiptin eingöngu fram í gegnum tölvupóst. Engar tillögur eða óskir um lagabreytingar komu til laganefndar á þessu starfsári. Á komandi starfsári verða breytingar á fulltrúum laganefndar, Hulda Líney Magnúsdóttir gefur ekki kost á sér á nýju kjörtímabili og verður nýr fulltrúi fenginn til eins árs í stað Arndísar Höllu Jóhannesdóttur sem býr ekki lengur hér á landi. Er þeim þakkað kærlega fyrir sín störf og nýir nefndarmenn boðnir velkomnir.

Með kveðju f.h. laganefndar

Guðlaug Valgeirsdóttir

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands í fagráði 2001 - 2012 voru: Salóme Anna Þórisdóttir, formaður, Rannveig Halldórsdóttir, ritari, Bjarnhildur Ólfasdóttir, Helga Birna Gunnarsdóttir, Sigurbjörg G. Friðriksdóttir og Sigurbjörg Sverrisdóttir. Bryndís Guðmundsdóttir var tengiliður stjórnar við fagráð.

Hlutverk fagráðs ÞÍ er samkvæmt 11. gr. laga félagsins að vinna að menntamálum þroskaþjálfara, sjá um fræðslufundi, fylgjast með þróun og nýjungum í starfinu og kynna þær félagsmönnum.

Fagráð fundaði reglulega á árinu á þriggja vikna fresti að jafnaði auk þess fundaði fagráð með formanni og eða stjórn ÞÍ vegna skipulags og undirbúnings fyrir fræðslufundi og málþing félagsins. Reglulegir fundir fagráðs voru sjö, formlegir fundir með stjórn ÞÍ voru tveir og óformlegir undirbúningsfundir voru fimm talsins.

Fagráð ákvað að fylgja eftir umræðunni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) og hélt vel sóttan fræðslufund þar að lútandi þann 2. nóvember, s.l. Á fundinum héldu erindi þau Vilborg Jóhannsdóttir lektor við Þroskaþjálfabraut HÍ og Gísli Björnsson, háskólanemi og NPA notandi ásamt aðstoðarkonu sinni Auði Finnbogadóttur. Erindin voru mjög upplýsandi og sköpuðu góðan umræðuvettvang.

Að vanda stóð Fagráð að málþingi ÞÍ ásamt stjórn félagsins. Málþingið var haldið dagana 26. og 27. janúar. Yfirskrift málþingsins var Barnalýðræði á Íslandi. Að þessu sinni var leitað til ýmissa aðila sem hafa látið sig réttindi og önnur málefni barna varða. Þeir sem tóku þátt í samstarfinu voru: Barnaverndarstofa, ADHD samtökin, Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar, Menntasvið HÍ, Innanríkisráðuneytið, Sjónarhóll, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Umboðsmaður barna, SAMFÉS og UNESCO.

Dagskrá málþingsins var mjög fjölbreytt og mál málþings gesta sem voru yfir 130 talsins að innihald og efnistöð hafi verið mjög góð og ekki síður þörf. Helstu niðurstöður málþingsins voru að víða er pottur brotinn í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Þjónustan oft sundurleit og án samráðs og samstarfs milli fagstétta. Brýn nauðsyn er á að hinar ýmsu fagstéttir tali saman og nái þannig þverfaglegu og árangursríku starfi til handa börnum. Á málþinginu kom fram áskorun um að breyta þessum vinnubrögðum þannig að þjónustan næði betur tilætluðum árangri. Stjórn ÞÍ hefur tekið þeirri áskorun og hafið aðgerðir sem ætlað er að vinna með áskoruninni.

Þann 3. maí n.k. stendur fagráð fyrir fræðslufundi um þjónustu fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Þar með er ætlunin að fylgja eftir efni málþingsins og leita árangurríkra leiða og lausna fyrir börn. Á fundinum verða flutt erindi sem snúa að þjónustu utan skóla og frítímaþjónustu s.s. skammtímadvöl og hvernig NPA geti nýst þessum hópi.

Fagráð hefur lagt til að á starfsdögum 2013 verði fjallað um siðareglur félagsins og að nú þegar verði byrjað að undirbúa það.

Helga Birna, Rannveig og Sigurbjörg Sverrisdóttir hafa ákveðið að hætta störfum með fagráði. Þeim er þakkað gott samstarf.

f.h. fagráðs, Salóme Anna Þórisdóttir formaður

Útgáfuráð hélt 10 fundi á árinu. Hlutverk útgáfuráðs er að gefa út Þroskaþjálfann fagblað þroskaþjálfara. Blaðið er væntanlegt nú í maí. Það gekk ver í ár en áður að fá fólk til að skrifa greinar, nokkrir þeirra sem lofað höfðu grein hættu við þegar líða fór að skilafresti. Eins og áður eru fáir sem skrifa greinar án þess að útgáfuráð hafi leitað til þeirra.

Hjá Háskóla Íslands er notað ákveðið mat til að meta störf akademískra starfsmanna. Einn liður í því mati er ritun fræðigreina og skiptir þá miklu hvar greinarnar eru birtar. Fagtímarit eru metin út frá mörgum atriðum sem ekki verða talin upp hér. Íslensk tímarit geta fengið 0-15 stig. Eins og er er Þroskaþjálfinn ekki með í þessu mati sem gert er á þriggja ára fresti, líklega vegna þess að hlé varð á útgáfu hans. Til að gefa einhverja mynd af þessu mati þá má geta þess að blað Þroskaþjálfar hefur 0-5 stig, Netla hefur 15 stig, Ljósmaðrablaðið 10 stig og Tímarit verkfræðingafélagsins 2-5 stig. Útgáfuráð hefur sett sér það markmið að fá blaðið metið til stiga af háskólanum og 5 stig eru lágmark í fyrsta mati en við hljótum að stefna að 10 stiga markinu í næsta mati þar á eftir. Því skiptir það miklu máli að þið ágætu þroskaþjálfar setjist niður og skrifið fræðigreinar og helst fræðigreinar til ritrýningar. Þess ber einnig að geta að í dag uppfyllir blaðið okkar ekki þær kröfur að teljast gild heimild fyrir nemendur í þroskaþjálfarafræðum, það er auðvitað ekki ásættanlegt. Það krefst faglegs metnaðar af okkur þroskaþjálfum að ná því marki að fá blaðið metið til stiga en um leið er það spennandi áskorun. Blaðinu er nú dreift til félagsmanna, til bókasafna og til félagsmálastjóra í sveitarfélögum sem og ýmissa annarra aðila. Með góðu efni og metnaðarfullum greinum frá ykkur er Þroskaþjálfinn góð kynning fyrir stéttina. Blaðið mun taka talsverðum breytingum þar til þessu marki er náð en vonandi verða flestir ánægðir með það.

Við höfum unnið viðmið um greinaskrif og gátlista fyrir útgáfuráð til að vinna eftir þegar greinar berast og liggja viðmiðin og gátlistarnir á heimasíðu félagsins, www.throska.is. Sú vinna var liður í gera Þroskaþjálfann að fræðilegra blaði og okkur til aðstoðar við að átta okkur betur á okkar verkefnum.

En með fræðilegra blaði höfum við einnig áttað okkur á að vettvangur fyrir aðrar greinar sem ekki eru fræðilegar en kannski fremur fagpólítískar hefur horfið. Útgáfuráð hefur því í samráði við stjórn að sér að halda utan um slíkar greinar á netinu. Slíkar greinar skal þá senda útgáfuráði sem metur hvort þær skuli birtar og sér um að þeim sé komið á netið. Þessar greinar gætu þá orðið vettvangur skoðanaskipta á netinu en hlutverk útgáfuráðs væri að sjá um að greinar og svör verði stéttinni og heimasíðunni til sóma. Ekki verður hægt að setja inn efni án þess að það sé skoðað áður. Heimasíðan á ekki að verða opin fyrir meiðandi greinar eða persónulegar athugasemdir.

Við viljum að lokum benda þroskaþjálfum á að blaðið verður aldrei betra en efnið sem í það berst og hvetjum við þroskaþjálfara til að miðla þekkingu sinni með skrifum í blaðið.

Í útgáfuráði sátu: Helga Elísabet Guðlaugsdóttir ritari, Krístrún Sigurjónsdóttir formaður, Margrét Jónsdóttir, Sigurborg Örvarsdóttir, Steinunn Rósa Guðmundsdóttir, Kristín Björnsdóttir frá Rannsóknastofu í þroskaþjálfarafræðum sem hefur hætt störfum og tekur Guðrún V Stefánsdóttir við af henni og Arna Björg Arnardóttir sem einnig hefur hætt störfum.

Við þökkum Steinunni, Margréti, Örnunni og Kristínu samstarfið og hlökkum til að starfa með Guðrúnu og öðrum þeim sem veljast til starfa í útgáfuráð á komandi aðalfundi.

Skýrsla siðanefndar starfsárið 2011-2012

Siðanefnd hefur fundað 3 sinnum frá síðasta aðalfundi.

Eitt erindi barst nefndinni á þessu starfsári.

Að venju hefur nefndin skilað umfjöllun um siðferðilegt álitamál sem efni í Þroskaþjálfann.

Vekur þessi greining okkar í siðanefndinni alltaf upp fleiri spurningar en svör. Nefndarmenn hafa á dagskrá að endurskoða og uppfæra starfsreglur siðanefndar.

Árni Már Björnsson, formaður siðanefndar

Signý Þórðardóttir

Guðbjörg B. Guðmundsdóttir

Stjórn Vísindasjóðs 2011-2012

Í stjórn Vísindasjóðs sitja: Valborg Helgadóttir gjaldkeri, Þóranna Halldórsdóttir ritari, Ragnheiður Elín Ragnarsdóttir meðstjórnandi, Sigurður Sigurðsson meðstjórnandi og Guðbjörg Björnsdóttir formaður.

Haldinn var einn fundur vegna úthlutunar úr Vísindasjóði og einn fundur vegna umsóknar í Fag og fræðslusjóð.

Fyrir árið 2011 bárust 246 styrkhæfar umsóknir í Vísindasjóðinn. Upphæðin sem kom til úthlutunar var kr.1.800.000 og skiptist jafnt á milli umsækjenda (greitt eftir starfshlutfalli).

Ein umsókn barst í Fag og fræðslusjóð og var hún samþykkt styrkhæf. Styrkurinn er samtals krónur 328.156 greiddur í tvennu lagi samkvæmt reglum sjóðsins.

Guðbjörg Björnsdóttir.

Tillögur kjörnefndar í stjórn, nefndir og ráð fyrir 2012–2014

Stjórn ÞÍ

Stjórnarmenn	hlutverk	verður áfram/ segir af sér	gefur kost á sér í stjórn 2012- 2014
Laufey E. Gissurardóttir	formaður	(2010-2012)	Laufey E. Gissurardóttir
Sigríður Rut Hilmarsdóttir	varaformaður	(2011-2013)	
Valborg Helgadóttir	gjaldkeri	(2011-2013)	
Bryndís Guðmundsdóttir	meðstjórnandi	(2010-2012)	Kristín Sigurjónsdóttir
Hrefna Höskuldsdóttir	meðstjórnandi	(2010-2012)	Friðþór Ingason
Þórunn Guðrún Einarsdóttir	meðstjórnandi	(2010-2012)	Þórunn Guðrún Einarsdóttir
Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir	meðstjórnandi	(2011-2013)	

Útgáfuráð

Steinunn Rósa Guðmundsdóttir		(2010-2012)	Auður Kvaran
Arna Björg Arnardóttir		(2010-2012)	Halldóra Kolka Ísberg
Helga Elísabet Guðlaugsdóttir		(2011-2013)	
Kristrún Sigurjónsdóttir		(2011-2013)	
Margrét Jónsdóttir		(2010-2012)	Kristbjörg Hjaltadóttir
Sigurborg Örvarsdóttir		(2011-2013)	
Kristín Björnsdóttir	Frá Rannsóknarst. í þroskaþjálfraeðum		Guðrún Stefánsdóttir

Fagrað

Bjarnhildur Ólafsdóttir		(2011-2013)	
Helga Birna Gunnarsdóttir		(2010-2012)	Elva Ösp Ólafsdóttir
Salóme Þórisdóttir		(2010-2012)	Salóme Þórisdóttir
Svanfríður Sigurðardóttir		(2011-2013)	Hrefna Þórarinsdóttir*
Sigurbjörg G. Friðriksdóttir		(2011-2013)	
Rannveig Halldórsdóttir		(2010-2012)	Ingibjörg E. Jóhannesdóttir
Sigurbjörg Sverrisdóttir		(2010-2012)	Hildur Þórisdóttir

Laganefnd

Arndís Halla Jóhannesdóttir		(2011-2013)	Ólafur Garðar Rósinkarsson*
S. Katrín Eyjólfsdóttir		(2011-2013)	
Guðlaug Valgeirsdóttir		(2010-2012)	Guðlaug Valgeirsdóttir
Sigríður Jónsdóttir		(2011-2013)	
Hulda Líney Magnúsdóttir		(2010-2012)	Oddrún Ólafsdóttir

Kjörnefnd

Póroddur Þórarinsson		(2011-2013)	
Þórdís Marteinsdóttir		(2011-2013)	
Rakel Ósk Eckard		(2011-2013)	
Dóra Ingimarsdóttir		(2010-2012)	Harpa María Pedersen
Hrafnhildur Lára Þórðardóttir		(2010-2012)	Hrafnhildur Lára Þórðardóttir

Skoðunarmenn reikninga kosnir árlega

Jóhanna Margrét Árnadóttir
Þórhildur Garðarsdóttir
Þórunn Böðvarsdóttir til vara

Fulltrúar sem stjórn tilnefnir
Siðanefnd

Signý Þórðardóttir (2012 – 2015)
Árni Már Björnsson (2010-2013)
Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir (2011-2014)
Varamenn
Sigríður Daníelsdóttir (2012-2015)
Friðrik Sigurðsson (2010 – 2013)
Hrefna Sigurðardóttir (2011- 2014)

Fulltrúi ÞÍ í Landsamtökunum Þroskahjálp verður skipaður á fyrsta fundi nýrrar stjórnar

Fjárhagsáætlun ársins 2012

Gert er ráð fyrir að félagsgjöld verði 1,5% af dagvinnulaunum og fagfélagsgjöld kr. 10.000

1. Tekjur	2011 áætlun	2011 raun	2012 áætlun
Stéttarfélagsgjöld	30.500.000 kr	31.016.809 kr	32.000.000 kr
Fagfélagsgjöld	90.000 kr	120.000 kr	120.000 kr
Hlutdeild í rekstri Húsfélags BHM sf		8.140 kr	
	30.590.000 kr	31.144.949 kr	32.120.000 kr
2. Laun og tengd gjöld.			
Launagreiðslur.....	12.991.554 kr	12.592.333 kr	13.210.385 kr
Launatengd gjöld.....	2.556.116 kr	3.092.087 kr	3.434.700 kr
Endurgreiddur launakostnaður frá FÍ			
Bílastyrkir.....	168.525 kr	281.004 kr	281.004 kr
	15.716.195 kr	15.965.424 kr	16.926.089 kr
3. Húsnæðiskostnaður.			
Endurgreitt frá FÍ			
Húsnæði Borgartún 6.....	1.764.534 kr	1.611.094 kr	1.852.761 kr
	1.764.534 kr	1.611.094 kr	1.852.761 kr
4. Eignakaup			
Húsgögn			100.000 kr
Tölva og prentari	300.000 kr		- kr
	300.000 kr	221.289 kr	100.000 kr
5. Fag- og fræðslusjóður ÞÍ			
Framlag	1.000.000 kr		
6. Sérverkefni			
Saga félagsins vegna afmælis:			2.000.000 kr
			2.000.000 kr
7. Annar kostnaður			
Ferðakostnaður utanlands.....	800.000 kr	601.486 kr	800.000 kr
Endurgreiðslur			1.850.000 kr
Stjórn, ráð og nefndir.....	2.500.000 kr	1.910.974 kr	1.500.000 kr
Rekstur skrifstofu, póstur, sími, tölvu	2.000.000 kr	1.291.898 kr	2.000.000 kr
Sérfræðiaðstoð.....	700.000 kr	983.700 kr	600.000 kr
Þroskaþjálfinn.....	790.000 kr	817.271 kr	900.000 kr
Félagsgjöld BHM.....	3.400.000 kr	3.402.075 kr	3.600.000 kr
Félagsgjöld önnur og styrkir.....	275.000 kr	40.000 kr	275.000 kr
Annar kostnaður.....	100.000 kr	57.078 kr	100.000 kr
	10.565.000 kr	9.104.482 kr	11.625.000 kr
	29.345.729 kr	26.902.289 kr	32.503.850 kr